

REGLUGERÐ

um breytingu á reglum um radióbúnað og fjarskipti á skipum
nr. 813/1981, sbr. reglugerð nr. 487/1983.

1. gr.

Grein 1.14, I. kafla orðist svo:

Þar sem skip hefur mælibréf með tveimur brúttórúmlestatölum, skal miðað við hærri töluna við túlkun þessara reglna, sbr. þó gr. 3.7, I. kafla.

2. gr.

Grein 3, I. kafla orðist svo:

3.1. 1. flokkur.

Farþegaskip, sem mega flytja 250 farþega eða fleiri á alþjóðasiglingaleiðum.

3.2. 2. flokkur.

Önnur farþegaskip á alþjóðasiglingaleiðum án tillits til stærðar. Farþegaskip í strandsiglingum við Ísland 1600 brl. eða stærri að undanskildum þeim farþegaskipum sem sigla reglulegar ferðir milli fastra viðkomustaða innanlands. Vöruflutningaskip 1600 brl. eða stærri að undanskildum þeim vöruflutningaskipum sem eru í innanlands-siglingum. Fiskiskip með 75 m skrásetningarlengd og lengri.

3.3. 3. flokkur.

Vöruflutningaskip sem ekki heyra til 2. fl. Fiskiskip með 33 m og allt að 75 m skrásetningarlengd. Farþegaskip sem ekki falla undir 1. eða 2. fl.

3.4. 4. flokkur.

Fiskiskip með 15 m og allt að 33 m skrásetningarlengd.

3.5. 5. flokkur.

Fiskiskip með 8 m og allt að 15 m skrásetningarlengd.

3.6. 6. flokkur.

Vélbátar með styttri en 8 m skrásetningarlengd.

3.7. Í þeim tilvikum að skip hefur mælibréf með tveimur brúttórúmlestatölum þar sem lægri mælingin er minni en 1600 brl., er ráðherra heimilt að veita undanþágu frá loftskýtamannsskyldu, ef skipið siglir almennt á lægri mælingunni en einstakar ferðir á hærri mælingu yfir 1600 brl. Slík undanþága skal veitt fyrir hverja einstaka ferð.

3.8. Siglingamálastjóri ákveður í samráði við Póst- og símamálastofnun hvaða flokki skip skuli tilheyra, sem ekki eru sérstaklega tilgreind hér að framan. Skal tillit tekið til stærðar og notkunar slíkra skipa.

3. gr.

Grein 6.4. 4. tl., I. kafla orðist svo:

Neyðartalstöð fyrir gúmmíbjörgunarbáta 2182 KHz (gildir ekki um skip, sem eru minni en 12 m).

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um eftirlit með skipum nr. 52, 12. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1986 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 3. desember 1985.

Matthías Bjarnason.

Halldór S. Kristjánsson.